

16. mars 2023




Samgöngusáttmálinn

Forsendur og breytingar áætlana frá 2019.
Kynning fyrir fjárlaganefnd Alþingis frá
fulltrúum IRN og FJR.

Samgöngusáttmálinn - aðdragandi



21. sept. 2018:
Viljayfirlýsing um viðræður
um samgöngur á
höfuðborgarsvæðinu.



15. nóv. 2018:
Verkefnishópur ríkis og
sveitarfélaga leggur til
tímasetta framkvæmdaáætlun




26. sept. 2019:
Samið um fjármögnun
framkvæmda -
Samgöngusáttmálinn.



2. okt. 2020:
Betri samgöngur ohf.
Stofnað.



Skipulag verkefnisins





Áætlaður kostnaður

- Verðlag hefur farið hækkandi í verklegum framkvæmdum. Vísitala samkomulags hefur hækkað um 27,9%.
- Kostnaður við einstakar framkvæmdir var vanáætlaður, jafnvel umfram upphaflega áætlað óvissustig. Hluti kostnaðaráætlana sem lágu fyrir við gerð Samgöngusáttmálans byggðu á eldri útfærslum, svo sem Arnarnesvegur og mislæg gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar.



Áætlaður kostnaður

- Kostnaðaráætlun vegna Sæbrautarstokks lá ekki að fullu fyrir á þeim tíma sem Samgöngusáttmálinn var undirritaður. Kostnaðarmat við verkefnið „Sæbraut – Holtavegur Stekkjabakki“ miðaðist við mun minna verkefni. Í kostnaðarmati Borgarlínu var þó gert ráð fyrir brú yfir Sæbraut. Sæbrautarstokkur er mjög mikilvægt verkefni m.a. m.t.t. tilkomu Sundabrautar. Þá er stokkurinn grundvallarforsenda í staðarvali Björgunarmiðstöðvar á Kleppsreit.



Kostnaður – nýjustu áætlanir

Stofnvegir	Verðbætt skv. sáttmála (m.kr)	Uppfærð kostnaðaráætlun (m.kr.) – hlutur sáttmála
Suðurlandsvegur: Norðlingavað-Bæjarháls	1.500	1.940
Arnarnesvegur – Breiðholtsbraut	2.000	3.600
Sæbrautarstokkur	2.740	17.720

Borgarlína	Verðbætt skv. sáttmála (m.kr)	Uppfærð kostnaðaráætlun (m.kr.) – hlutur sáttmála
Lota 1: Ártún – Hlemmur – Hamraborg	21.300	21.250

Skv. Stöðu og framgangi verkefna frá Betri samgöngum, desember 2022.



Upphafleg framkvæmdaáætlun

	Staða	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
Stofnvegir																
Bæjarháls - Vesturlandsvegur	2021			■												
Skarhólabraut - Hafravatnsvegur	2019	■														
Gatnamót við Bústaðaveg	2021			■												
Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	2019-20	■	■													
Norðlingavað - Bæjarháls	2027									■						
Reykjanesbraut/ Sæbraut - Holtavegur - Stekkjabakki	2021-22			■	■											
Reykjanesbraut - Áftanesvegur - Lækjargata	2024-28						■	■	■	■	■					
Arnarnesvegur - Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut	2021			■												
Miklabraut - stokkur	2022-26				■	■	■	■	■							
Hafnarfjarðarvegur - stokkur í Garðabæ	2028-30										■	■	■			
Borgarlína																
Ártún - Hlemmur	2019-23	■	■	■	■	■										
Hamraborg - Hlemmur	2019-23	■	■	■	■	■										
Mjódd - BSÍ	2024-26						■	■	■							
Fjörður - Miklabraut	2027-30									■	■	■	■			
Ártún - Spöng	2029-31											■	■	■		
Hamraborg - Lindir	2023-24					■	■									
Borgarlína um Keldur og Blikastaðaland	2031-33													■	■	■



Uppfærsla forsenda - Verkáætlun

Mars til maí

- **Betri samgöngur** uppfæri framkvæmdatöflu, þ.m.t. tíma- og kostnaðaráætlanir. Áhrif stofnvega- og Borgarlínuinnviða verði metin m.t.t. markmiða um greiðar samgöngur, fjölbreytta ferðamáta, kolefnishlutlaust samfélag og umferðaröryggi. Byggt á því verði sett mælanleg undirmarkmið og árangursvísar. Félagið móti leiðir til að auka möguleika félagsins á að hafa stjórn á framkvæmdaáætlun og kostnaði, ásamt tillögum að bættu stjórnskipulagi verkefnisins og einstaka verkefna.
- **Viðræðuhópur ríkis og sveitarfélaga** klári drög að samningi um eflingu almenningsamgangna. Rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu verði tryggður með aðkomu sveitarfélaga og ríkisins.



Uppfærsla forsenda - Verkáætlun

Apríl til júní

- **Viðræðuhópur ríkis og sveitarfélaga** semji um uppfærslu á sáttmálanum. Þ.m.t. uppfærða framkvæmdaáætlun og fjármögnun. Verði þar horft til þeirra tekjustofna sem þegar hafa verið skilgreindir ásamt mögulegum nýjum, s.s. vegna þróunar lands við stokka. Samið verður endanlega um mörkun og skilgreiningu þeirra verkefna sem samningurinn tekur á. Mörkun og skilgreining framkvæmda verði hluti uppfærðs samkomulags.

Lok júní

- Uppfærsla á Samgöngusáttmála lögð endanlega fyrir.



Tekjur og veggjöld

- Í sáttmálanum er kveðið á um ríkið fjármagni 105 af 120 ma.kr. af verkefninu (á verðlagi 2019) með föstum framlögum (30), landi (15) og að stefnt verði að útfærslu flýti- og umferðargjalda á tímabili sáttmálans (60ma.kr).
- Samhliða á að endurskoða skattlagningar á ökutæki og eldsneyti og skoða aðra fjármögnunarkosti ríkisins.
- Stofnuð hefur verið Verkefnastofa um samgöngugjöld í samstarfi FJR og IRN sem ætlað er að móta tillögur um fyrirkomulag tekna af samgöngum til framtíðar.



Fjármögnun

- Í sáttmálanum er einnig kveðið á um að ríkið geti komið með fjármögnun með öðrum hætti á meðan innleiðingu flýti/umferðargjalda stendur.
- Til skoðunar kemur að ríkissjóður veiti lán til félagsins sem endurgreitt yrði með umferðargjöldum eða ábata af landi í eigu félagsins – heimild í 5. gr. fjárlaga.
- Sjóðsstreymisáætlanir félagsins sýna ekki þörf á auknu fé fyrr en undir lok árs.
- Ganga þarf frá uppfærðum kostnaðaráætlunum og viðauka við sáttmálann áður en lán verður veitt.



Verðmæti lands

- Ríkið lagði félaginu til land að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík í formi hlutafjár.
- Í samningi er kveðið á um að félagið eigi að annast þróun landsins í samvinnu við skiplagsyfirvöld og hámarka virði þess.
- Allur ábati rennur til verkefna samgöngusáttmálans og ábyrgist ríkið a.m.k. 15 ma.kr., ef ábatinn er hærri, getur ríkið skv. sáttmálanum lækkað hlut flýti og umferðagjalda.
- Fyrstu vísbendingar í þróunarvinnu gefa til kynna verðmæti upp á um 30 ma.kr.